



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Kynjaáhrif virðisauka- skattskerfisins

Áfangaskýrsla I

Áfangaskýrsla fyrir meginmálaflokk fjármálaráðuneytis í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð (KHF). Verkefnið verður unnið á þremur árum og lokaskýrsla verður tilbúin árið 2014. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framvindu fyrsta áfanga verkefnisins.

15. júní 2012

Samantekt

Markmið verkefnis fjármálaráðuneytisins er að greina kynjaáhrif virðisaukaskattkerfisins. Í því felst meðal annars að greina tölfræði um virðisaukaskatt eftir kyni og að kanna hvort reglur kerfisins séu hlutlausar gagnvart kynjunum og stuðli ekki að eða viðhaldi efnahagslegu ójafnræði kvenna og karla.

Í áfangaskýrslu I er almenn umfjöllun um virðisaukaskattkerfið og atriði dregin fram m.t.t. kynjasjónarmiða sem verða greind nánar í áfangaskýrslu II árið 2013. Þar er fyrst og fremst um að ræða undanþágur frá meginreglum laganna, svo sem ákvæði um lægra skattþrep, endurgreiðslu virðisaukaskatts eða undanþágu frá innheimtu og greiðslu skattsins.

Virðisaukaskattur er stærsti einstaki skattstofn ríkisins. Samkvæmt yfirliti um greiðsluafkomu ríkissjóðs árið 2011 námu tekjur ríkissjóðs af honum 123,5 mia.kr. eða tæplega 30% af öllum skatttekjum ríkissjóðs. Virðisaukaskattskrá var í fyrsta sinn greind eftir kynjum, annars vegar eftir einstaklingum og hins vegar eftir lögaðilum í þeim tilvikum sem hægt var að segja til um kyn forráðamanna hlutafélaga eða einkahlutafélaga. Hlutdeild karla í álögðum virðisaukaskatti er því nokkuð meiri en nemur hlutfallslegum fjölda þeirra í álagningarskrá sem við fyrstu sýn bendir til þess að karlar séu að jafnaði nokkuð umsvifameiri en konur, hvort sem um einstaklinga eða lögaðila er að ræða. Áætlað er að verkefninu ljúki um mitt ár 2014.

Um verkefnið

Verkefni/meginmálaflokkur	Greining á kynjaáhrifum virðisaukaskattskerfisins	Dags	15. júní 2012
Lýsing verkefnis	<p>Meginmálaflokkur fjármálaráðuneytis í kynjaðri hagstjórn er greining á kynjaáhrifum virðisaukaskattskerfisins.</p> <p>Virðisaukaskattkerfið (VSK) byggist á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 og því þarf að greina þau. Athugað verður hvort og þá hvernig kerfið hefur áhrif á kynin .</p> <p>Tölfræði úr virðisaukaskattsskránni verður greind eftir kynjum. Greint verður hverjir fá endurgreiddan VSK á grundvelli ívilnandi ákvæða og hverjir eru veitendur þjónustunnar (sbr. endurgreiddur VSK af vinnu iðnaðarmanna).</p> <p>Þá verður fjallað um hvaða áhrif lægri skattþrep hafa á konur og karla, bæði sem kaupendur og seljendur.</p> <p>Utan verkefnisins eru aðrir skattar.</p>		
Markmið verkefnis	<p>Markmið verkefnisins er að greina kynjaáhrif virðisaukaskattskerfisins og greina tölfræði skattsins eftir kynjum.</p> <p>Áhrifin verða greind annars vegar eftir seljendum vöru og þjónustu þeirra atvinnugreina sem falla undir lögin og hins vegar eftir kaupendum. Sérstakur gaumur verður gefinn að frávikum frá meginreglum laganna, svo sem starfsemi sem er undanþegin VSK skv. 2. gr. laganna og ákvæðum um ívilnandi ákvæði og vöruflokkum í lægri skattþrepum.</p> <p>Ef greining leiðir í ljós óæskilega mismunun verða mögulegar orsakir þess greindar og leiðir til úrbóta eftir atvikum kannaðar.</p> <p>Markmið verkefnisins er einnig að koma samþættingu hugmyndafræði hagstjórnarinnar á framfæri á vinnustöðum teymisins og í stjórnkerfinu.</p>		

<p>Jafnréttismarkmið verkefnis</p>	<p>Í greinargerð með frumvarpi til laga um virðisaukaskatt segir, að það sé „ekki algengt meðal þjóða heims að einn einstakur skattur vegi svo þungt [í tekjuöflun ríkisins]. Þeim mun mikilvægara sé að skattkerfi, sem slík tekjuöflun er byggð á, sé rökrétt og öruggt og valdi ekki mismunun“ . Um eiginleika virðisaukaskattsins segir að hann sé „hlutlaus gagnvart atvinnulífnum og einstökum greinum þess. Hann hvorki ívilnar né íþyngir einstökum greinum“ . Þá er tekið fram að virðisaukaskattur hafi ekki áhrif á val neytenda á neysluvörum eða þjónustu.</p> <p>Þannig er virðisaukaskattskerfinu ætlað að leggjast með sama hætti og jöfnum á allar atvinnugreinar og þjóðfélagshópa, þó með tilteknum undantekningum. Frá því að lög um virðisaukaskatt voru samþykkt árið 1988 hafa verið gerðar ýmsar breytingar á þeim og kerfið þróast, eðli málsins samkvæmt.</p> <p>Markmið þessa verkefnis er að greina kynjaáhrif virðisaukaskattkerfisins. Í því felst meðal annars að greina tölfræði um virðisaukaskatt eftir kyni og að kanna hvort reglur kerfisins séu hlutlausar gagnvart kynjunum og stuðli ekki að eða viðhaldi efnahagslegu ójafnræði kvenna og karla.</p>
---	---

Umfjöllun og greining

Að loknum undirbúningi og gerð verkefnisáætlunar í janúar 2012 skipti teymi fjármálaráðuneytisins með sér verkum. Annar hópurinn fór yfir gildandi virðisaukaskattslög nr. 50/1988 og dró fram atriði í þeim sem eru þessu verkefni viðkomandi. Hinn hópurinn sá um tölfræðigreiningu virðisaukaskatts-skrárinnar og heildarveltu eftir kynjum. Ákveðið var að í þessari áfangaskýrslu yrði umfjöllun á almennari nótum og atriði dregin fram sem máli skipta m.t.t. kynjasjónarmiða. Nánari greining verður framkvæmd í áfangaskýrslu ráðuneytisins árið 2013.

Lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988


Lög um virðisaukaskatt voru samþykkt af Alþingi árið 1998 en skattheimta samkvæmt þeim kom til framkvæmda 1. janúar 1990. Á sama tíma féllu úr gildi lög nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um virðisaukaskatt segir í umfjöllun að það sé „ekki algennt meðal þjóða heims að einn einstakur skattur vegi svo þungt [í tekjuöflun ríkisins]. Þeim mun mikilvægara sé að skattkerfi, sem slík tekjuöflun er byggð á, sé rökrétt og öruggt og valdi ekki mismunun“. Um eiginleika virðisaukaskattsins segir að hann sé „hlutlaus gagnvart atvinnulífínu og einstökum greinum þess. Hann hvorki ívilnar né íþyngir einstökum greinum“. Þá er tekið fram að virðisaukaskattur hafi ekki áhrif á val neytenda á neysluvörum eða þjónustu. Þannig er virðisaukaskattskerfinu ætlað að leggjast með sama hætti og jöfnum á allar atvinnugreinar og þjóðfélagshópa, með tilteknum undantekningum.

Virðisaukaskattur er stærsti einstaki skattstofn ríkisins.

Samkvæmt yfirliti um greiðsluafkomu ríkissjóðs janúar til desember 2011 námu tekjur ríkissjóðs af honum 123,5 milljörðum króna og nam skatturinn tæplega 30% af öllum skatttekjum ríkissjóðs.

Í 2. gr. virðisaukaskattslaganna kemur skattskyldusviðið fram. Þar segir að skattskyldan nái til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra. Skattskyldan nær einnig til allrar vinnu og þjónustu, hverju nafni sem hún nefnist. Í 3. mgr. 2. gr. eru taldar upp undanþágur frá skattskyldunni. Helstu rök fyrir undanþágum eru fyrst og fremst heilbrigðissjónarmið og félags- og menningarleg sjónarmið. Þá er talsverður hluti þeirrar starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti almannaþjónusta sem er kostuð úr sameiginlegum sjóðum og því hefur litla þýðingu að leggja skatt á hana. Starfsemi þarf að vera



nákvæmlega og sérstaklega tilgreind í lögnum til að hún sé undanþegin. Eftirtalin vinna og þjónusta er undanþegin virðisaukaskatti:

1. Heilbrigðisþjónusta
2. Félagsleg þjónusta
3. Menntastofnanir

Ofantalin starfsemi fellur undir megin sjónarmiðin sem liggja að baki skattundanþágum, auk þess er starfsemin að lang mestu leyti rekin af hinu opinbera.

4. Menningarstarfsemi.

Almennt er þessi starfsemi ekki rekin í hagnaðarskyni, auk þess sem menningar- og félagsleg sjónarmið gilda.

5. Íþróttastarfsemi.

Íþróttastarfsemi er mikið styrkt af almannafé auk þess að félags- og lýðheilsusjónarmið gilda.

6. Fólksflutningar

7. Póstþjónusta

Starfsemin er undanskilin ef um opinberan aðila er að ræða sem hefur einkaleyfi samkvæmt lögum. Þannig er burðargjald fyrir almennan bögglaþóst ekki undanþegin af því sú starfsemi er að einhverju leyti í samkeppni við almenna flutningastarfsemi.

8. Fasteignaleiga

Þar sem fasteignir eru ekki talin vera vara sem slík skv. almennum ákvæðum laganna.

9. Vátryggingarstarfsemi

Hér gilda alþjóðleg samkeppnissjónarmið þar sem vátryggingarstarfsemi er undanskilin virðisaukaskatti víðast hvar erlendis. Þá er einnig um tæknilega flókið mál að ræða þar sem flókið er að ákveða hver skattstofninn nákvæmlega er, til dæmis vegna alþjóðlegra (endur)trygginga.

10. Þjónusta banka

Starfsemin er undanþegin af tæknilegum ástæðum þar sem erfitt er að ákvarða skattstofninn af umsýslu fjármuna og erfitt að aðgreina innskatt og útskatt. Önnur starfsemi banka en fjármálastarfsemi getur verið skattskyld, samanber vörusala (seðlaveski, baukar o.þ.h.), prentstarfsemi, sérfræðiþjónusta (sbr. lögfræðiþjónusta, tölvuþjónusta o.þ.h.).

11. Happdrætti og getraunastarfsemi

Rekstur happdrætta og getrauna er yfirleitt í góðgerðarskyni, svo sem vegna líknarstarfsemi, íþróttar eða menntunar og vísinda.

12. Rithöfundar og tónskáld

Hugverkavinna rithöfunda og tónskálda er undanþegin virðisaukaskatti af tæknilegum og menningarlegum ástæðum en afurðir þeirra eru ekki undanþegnar. Til dæmis er sala höfundarréttar skattskyld, svo og sala bóka og geisladiska o.s.frv.

13. Þjónusta ferðaskrifstofa

Þjónustan er undanskilin aðallega vegna tæknilegra ástæðna að því marki sem hún felst í milligöngu um ferðaþjónustu.

14. Útfararþjónusta og prestþjónusta

Þjónustan er almennt undanþegin í nágrannalöndum og auk þess sem um félagssjónarmið er að ræða.

15. Í 15. tl. eru tilgreindar ýmsar undanþágur. Til dæmis góðgerðarstarfsemi sem er ekki rekin í atvinnuskyni og er þá skilyrði að allur hagnaður hennar renni til líknarmála.

Í 3. gr. laganna eru tilgreindir þeir aðilar sem eiga að innheimta virðisaukaskatt og standa skil á honum til ríkissjóðs. Þar eru tilgreindir allir sem selja eða eru í starfsemi sem skattskyld er og selja skattskylda vöru og þjónustu. Ekki er talin ástæða til að fara sérstaklega í gegnum það hér.

Í 4. gr. eru taldir upp aðilar sem eru undanþegnir skattskyldu skv. 3. gr. en þeir eru:

1. Aðilar sem selja vöru og þjónustu sem er undanþegin virðisaukaskatti og eru taldir upp í 2. gr.
2. Listamenn að því er varðar sölu á eigin listaverkum (þ.e. listamaðurinn sjálfur er undanþeginn skattinum) Listaverkin þurfa að falli undir tiltekin tollskrárnúmer og eru eftirfarandi:

1. Málverk, teikningar og pastelmyndir gerðar í höndum að öllu leyti, þó ekki:

- a. uppdrættir og teikningar til notkunar í húsagerð, verkfræði, iðnaði, viðskiptum, landslagsfræði eða þess háttar handgerð frumverk;
- b. handskrifaður texti;
- c. ljósmyndir á ljósnæmum pappír;
- d. kalkipappír safrit af frammanefndu;
- e. handmálaðir eða handskreyttir framleiddir hlutir;

2. Klippimyndir og áþekk veggskreytispjöld.

3. Frumverk af stungum, þrykki og steinprenti.

4. Frumverk af höggmyndum og myndastyttum, úr hvers konar efni.

Það er í höndum tollfyrivalda að meta hvort verk falla undir ofangreinda tollflokka. Við það mat er ekki horft á listrænt gildi verkanna t.d. skiptir ekki máli hvort höfundur málverks eða grafík verks sé menntaður listamaður eða ófaglærður. Fjöldaframleiddar endurgerðir af hlutum sem hafa einkenni verslunarvöru falla ekki hér undir en sem dæmi um slíka vöru má nefna fatnað, handtöskur, skartgrip, hárskraut, leirkrúsir, leirskálar og leikföng. Þessir hlutir geta aldrei fallið undir ofangreind tollnúmer burtséð frá því hvort um handgerða einstaka listmuni er að ræða eða ekki.

Ef verkin eru keypt og seld áfram, t.d. af listagalleríi, þá er salan skattskyld (en umboðssala er undanþegin virðisaukaskatti).

3. Þeir sem selja skattskylda vöru fyrir minna en 1 m.kr. á hverju 12 mánaða tímabili.
4. Skólamötuneyti.

Í þessu sambandi ber að geta þess að ráðuneytið mun hafa til hliðsjónar nemendaverkefni sem unnið var á námskeiði um hagnýtingu jafnréttisfræði við Háskóla Íslands sl. vetur. Hrafnhildur Sigurðardóttir fjallar þar um ólík áhrif undanþáguheimilda 2. tl. 4. gr. á listamenn eftir því hvaða listgrein er ástundið. Greiningin mun nýtast teyminu á síðari stigum.

Í 5. og 6. gr. laganna eru ákvæði um hvernig skattskyldir aðilar skulu skrá sig og hvar. Í 4. mgr. 6. gr. er heimild til að sækja um svokallaða frjálsa og sérstaka skráningu fyrir þá sem stunda

byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð á eigin kostnað. Heimildin felur í sér að komið er í veg fyrir uppsöfnun skatts í skattskyldri starfsemi og er heimilt skv. reglugerð að færa til frádráttar virðisaukaskatt vegna húsbýgginga sem notaðar eru í skattskyldri starfsemi. Dæmi: Aðili sem byggir verslunarhúsnæði til leigu má færa til frádráttar allan virðisaukaskatt af kostnaðinum en á móti þarf að leggja virðisaukaskatt á leiguna. Þetta á ekki við ef um íbúðarhúsnæði er að ræða.

Í þriðja kafla er fjallað um skattverð og í þeim fjórða um skattskylda veltu. Um tæknileg atriði er ræða sem þarfnast ekki sérstakrar umfjöllunar hér. Það sama á við um fimmta kafla, um uppgjör skattskyldrar veltu.

Í sjötta kafla er fjallað um skatthlutfall. Almennt skatthlutfall er nú 25,5% en 7% skattur er lagður á eftirtaldar vörur og þjónustu:

1. Útleiga á hótél- og gistiherbergjum og önnur gistiþjónusta.
2. Afnotagjöld útvarpsstöðva.
3. Sala tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða.
4. Sala bóka.
5. Sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.
6. Sala á matvörum og öðrum vörum til manneldis, þó ekki áfengi.
7. Aðgangur að vegamannvirkjum.
8. Geisladiskar, hljómplötur, segulbönd og aðrir sambærilegir miðlar með tónlist en ekki með mynd.

Á sínum tíma var markmiðið með lækkun virðisaukaskatts á matvælum að bæta hag heimilanna. Lægri matarskattur nýtist þó þeim best sem kaupa mest og dýr matvæli, og nýtist því tekjuhærri hópum jafnvel betur en þeim tekjulægri. Þannig er ábati tekjuhærri hópa meiri en tekjulægri af lækkuninni. Það er ástæða til að kanna hvort konur séu hlutfallslega fleiri í tekjulægri hópnum og þá hvort að markmið laganna um að bæta hag heimilanna nýtist báðum kynjum með sama hætti. Í þessu sambandi má benda á að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur bent á betra væri að hafa eitt skattþrep í virðisaukaskattinum og verja hluta af tekjuaukanum til að bæta hag tekjulægstu fjölskyldna með öðrum hætti í gegnum bótakerfi.

Í sjöunda kafla er fjallað um uppgjör á virðisaukaskatti og eru fyrst og fremst tæknileg atriði. Í 3. mgr. 16. er fjallað um takmarkanir frá innskattsfrádrætti. Um er að ræða takmarkanir að því er varðar einkanot eigenda fyrirtækja og starfsmanna, svo sem mötuneyti, afnot bifreiða, húsnæðis o.fl.

Í áttunda kafla eru ákvæði um bókhaldsleg og tæknileg atriði. Það sama gildir um níunda kafla þar sem fjallað er um uppgjörstímabil, gjalddaga, álag, kærur o.fl.

Í tíunda kafla eru sérstök ákvæði um landbúnað. Aðilar sem stunda landbúnað skulu vera á sérstakri skrá og er uppgjörstímabilið sex mánuðir í stað tveggja. Um starfsemina gilda sérstakar reglur sem lúta að aukauppgjöri ef um háan innskattur er að ræða. Í þessum sérreglum felst hagræði við uppgjör á virðisaukaskattinum sem er tilkomið vegna sérstöðu atvinnugreinarinnar.

Ellefti kafli er um álagningu virðisaukaskatts við innflutning, en greiða skal virðisaukaskatt af öllum

innfluttum vörum og þjónustu. Ákvæðin speglast við ákvæði 12. gr. laganna sem kveða á um undanþágur frá skattskyldri veltu við útflutning.

Tólfti kafli fjallar um eftirlit, upplýsingaskyldu og refsiakvæði, sem öll eru tæknileg atriði.

Þrettándi kafli fjallar um endurgreiðslu virðisaukaskatts. Þar kemur meðal annars fram að endurgreiða skuli eigendum íbúðarhúsnæðis 60% af virðisaukaskatti sem greiddur er af vinnu iðnaðarmanna á byggingarstað eða vegna endurbóta og viðhalds.

Upphafleg ástæða fyrir þessari heimild er að vinna iðnaðarmanna var undanþegin söluskatti. Vinna þeirra féll hins vegar undir lögin um virðisaukaskatt og hefði leitt til verðskrárhækkunar hjá þeim sem hefði haft þau áhrif að byggingavísitalan hefði hækkað um 9%. Til að koma í veg fyrir þá hækkun var ákveðið að endurgreiða virðisaukaskatt af vinnu þeirra við íbúðarhúsnæði.

Hvað kynjasjónarmið varðar má benda á að endurgreiðslan kemur sér vel í tilviki iðnaðarmanna sem almennt er karlastétt. Vegna endurgreiðslunnar, sem líta má á sem ígildi niðurgreiðslu, getur þjónusta þeirra verið ódýrari en annars væri. Aftur á móti kemur endurgreiðslan sér vel fyrir alla íbúðareigendur.

Árið 2009 samþykkti Alþingi lög þar sem heimiluð var tímabundin 100% endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu iðnaðarmanna vegna vinnu við íbúðarhúsnæði. Auk þess var heimiluð endurgreiðsla vegna vinnu við frístundahúsnæðis, húsnæðis í eigu sveitarfélaga og endurgreiðslan einnig látin ná til vinnu vegna hönnunar og eftirlits. Markmið laganna var að (1) koma til móts við húsbyggjendur sem áttu í erfiðleikum vegna yfirstandandi efnahagsþrenginga, (2) sporna við svartri atvinnustarfsemi og (3) hvetja til aukinnar starfsemi á byggingarmarkaði og fyrirbyggja eða draga úr atvinnuleysi.

Greina þarf árangur og ávinning þessara ákvæða. Vitað er að heimildin kom sér vel fyrir iðnaðarmenn enda var eitt markmiða átaksins að draga úr atvinnuleysi þeirra. Kannað verður hvaða þjóðfélagshópar nýttu heimildina og af hverjum þeir keyptu vinnuna.

Í 2. mgr. 42. gr. eru ákvæði um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa opinberra aðila á tiltekinni þjónustu. Þetta er fyrst og fremst gert til að leiðrétta samkeppnisstöðu atvinnulífsins gagnvart hinu opinbera. Hvað aðrar málsgreinar 42. gr. varðar er aðallega um að ræða endurgreiðslu virðisaukaskatt af vörum og þjónustu í tengslum við starfsemi sem varðar almannahagsmuni.

Í öðrum greinum laganna sem ekki hafa verið nefndar eru ekki ákvæði sem hópurinn telur að þurfi sérstakrar skoðunar við. Í fjórtánda kafla eru t.d. ákvæði um trúnað, eftirlit, virðisaukaskattskrá og fleira.

Ekki þykir ástæða á þessu stigi til að fjalla sérstaklega um þær 37 reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli laganna, þar sem þær eru settar til að útfæra nánar ákvæði laganna um framkvæmd þeirra.

Eins og getið var í inngangi er um almenna umfjöllun laganna að ræða í þessari áfangaskýrslu. Dregin hafa verið fram þau atriði sem talin eru þurfa greiningar við m.t.t. kynjasjónarmiða. Gerð verður grein fyrir niðurstöðu þeirrar skoðunar í áfangaskýrslu ráðuneytisins árið 2013.

Tölfræði

Teknar voru saman upplýsingar um veltu og álagningu virðisaukaskatts hjá öllum einstaklingum sem skráðir voru á árinu 2011 á virðisaukaskattsskrá. Kennitölur þeirra voru bornar saman við upplýsingar úr þjóðskrá um kyn til þess að finna hvort um karl eða konu var að ræða.

Við vinnslu upplýsinga um veltu og álagningu virðisaukaskatts lögaðila/félaga var ákveðið að takmarka upplýsingarnar við einkahlutafélög og hlutafélög sem skráð voru á virðisaukaskattsskrá á árinu 2011. Upplýsingar um forráðamenn í einkahlutafélögum og hlutafélögum voru fengnar frá Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra. Þær upplýsingar voru svo bornar saman við upplýsingar úr þjóðskrá.

Við vinnslu á upplýsingum um fjölda á virðisaukaskattsskrá í viðauka 2 voru teknar upplýsingar um alla einstaklinga skráða á virðisaukaskattsskrá í apríl 2012. Upplýsingarnar voru bornar saman við þjóðskrá til þess að finna kyn viðkomandi aðila.


Álagning einstaklinga

Virðisaukaskattur var lagður á tæplega 12.300 einstaklinga árið 2011.¹ Þar af voru karlar í miklum meirihluta eða 78% á móti 22% konum. Álagningin nam í það heila rúmlega 5,4 mia.kr. sem skiptist þannig að 4,6 mia.kr. voru lagðir á karla eða 85% af heildarálagningu og 0,8 mia.kr. á konur eða 15%. Hlutdeild karla í álögðum virðisaukaskatti er því nokkuð meiri en hlutfallslegur fjöldi þeirra í álagningarskrá, sem við fyrstu sýn bendir til þess að karlar séu að jafnaði nokkuð umsvifameiri en konur. Tölur um álagninguna einar og sér veita þó takmarkaðar upplýsingar um það hvort virðisaukaskattur á einstaklinga leggst með jöfnum hætti á kynin. Til að fá vísbendingar um áhrif á kynin þarf að kanna hvernig velta karla og kvenna skiptist á milli skattskyldrar og undanþeginnar veltu og eins hvernig skattskyld velta kynjanna skiptist á milli lægra þreps (7%) og hærra þreps (25,5%).


	Einstaklingar		Álagning	
	Fjöldi	%	mia.kr.	%
Karlar	9.599	78%	4,6	85%
Konur	2.681	22%	0,8	15%
Alls	12.280	100%	5,4	100%

¹ Greining þessi byggist á gögnum frá ríkisskattstjóra.

Fjöldi einstaklinga



Álagning




Heildarvelta einstaklinga á virðisaukaskattskrá árið 2011 nam 51,9 mia.kr. Þar af nam virðisaukaskattskyld velta alls 43,7 mia.kr. eða 84% af heildarveltu og undanþegin velta 8,2 mia.kr. eða 16%. Hlutdeild karla í heildarveltunni er nokkuð meiri en sem nemur hlutfallslegum fjölda þeirra. Þannig eru karlar með um 44,3 mia.kr. eða 85% af heildarveltunni á meðan konur eru með 7,6 mia.kr. eða 15%. Ef einungis er litið til skattskyldrar veltu er hlutur karla 36,8 mia.kr. eða 84% á meðan hlutur kvenna er 6,9 mia.kr. eða 16%. Í veltu sem er undanþegin virðisaukaskatti er hlutur karla 7,5 mia.kr. eða 91% og hlutur kvenna 0,7 mia.kr. eða 9%. Þessar tölur sýna allar skýrt og greinilega að karlar eru að jafnaði umsvifameiri en konur enda er hlutur þeirra í bæði skattskyldri og undanþeginni veltu umtalsvert meiri en sem nemur hlutfallslegum fjölda þeirra í álagningarskrá.

Tölurnar benda jafnframt til þess að smávægilegur munur sé á hlutdeild kynjanna eftir því hvort veltan er skattskyld eða ekki þar sem hlutdeild karla í undanþeginni veltu er nokkrum prósentum hærri en hlutdeild þeirra í skattskyldri veltu.² Þetta kann að gefa vísbendingar um að karlar hafi ríkari tilhneigingu til að stunda starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti en konur. Þessu til stuðnings má nefna að 83% einstaklinga sem hafa einhverja undanþegna veltu eru karlar á meðan hlutfall karla í heildarfjölda einstaklinga á álagningarskrá er 78% eins og áður segir. Þessi munur kann þó að vera ómarktækur enda ekki mikill auk þess sem um er að ræða gögn yfir álagningu virðisaukaskatts á einstaklinga en ekki lögaðila almennt.


	Skattskyld velta		Undanþegin velta	
	mia.kr.	%	mia.kr.	%
Karlar	36,8	84%	7,5	91%
Konur	6,9	16%	0,7	9%
Alls	43,7	100%	8,2	100%

² Í viðauka 1 er yfirlit yfir undanþegna starfsemi og þá starfsemi sem er í neðra þrepi (7%).

Skattskyld velta



Undanþegin velta




Fróðlegt er að skoða hvernig hlutdeild kynjanna í skattskyldri veltu skiptist á milli tveggja þrepa virðisaukaskattsins. Hið almenna þrep er 25,5% og fellur um 75% allrar skattskyldrar veltu einstaklinga eða 38,3 mia.kr. þar undir á. Um 25% skattskyldrar veltu eða 5,4 mia.kr. falla undir lægra þrepið sem er 7%. Á meðal starfsemi í lægra þrepi er útleiga hótél- og gististaðir, sala á matvörum, aðgangur að vegamannvirkjum og fleira. Hlutdeild karla í veltu í almenna þrepinu er 32,4 mia.kr. eða 85% og hlutdeild kvenna 5,9 mia.kr. eða 15%. Í lægra þrepinu er hlutdeild karla 4,4 mia.kr. eða 81% og hlutur kvenna 1,1 mia.kr. eða 19%. Munurinn á hlutdeild kynjanna á milli þrepa gefur vísbendingar um að konur stundi frekar starfsemi sem fellur undir lægra þrepið en karlar. Þó skal hafa hugfast að þessi munur er ekki mikill og fjárhæðirnar sem um ræðir ekki háar. Auk þess eru hér til skoðunar gögn um álagningu virðisaukaskatts á einstaklinga en ekki lögaðila almennt og því kann þessi munur að vera ómarktækur.


Í viðauka 2 á bls. 15 er yfirlit yfir kynjaskiptingu eftir atvinnugreinum.

	25.5% þrep		7% þrep	
	mia.kr.	%	mia.kr.	%
Karlur	32.4	85%	4.4	81%
Konur	5.9	15%	1.1	19%
Alls	38.3	100%	5.4	100%

25,5% þrep



7% þrep




Álagning lögaðila

Virðisaukaskattur var lagður á rúmlega 19.000 félög árið 2011.³ Karlar voru í forsvari fyrir um rúmlega 15.800 af þessum félögum eða 81% á meðan konur voru í forsvari fyrir rúmlega 3.600 eða 19%. Heildarvelta þessara félaga, bæði virðisaukaskattskyld og undanþegin, nam rúmum 2.700 mia.kr. og skiptist á þá leið að 85% voru í fyrirtækjum þar sem karlar eru í forsvari og afgangurinn eða 15% í félögum þar sem konur eru í forsvari. Hlutdeild félaga í heildarveltu þar sem karlar eru í forsvari er því nokkuð meiri en nemur hlutfallslegum fjölda slíkra félaga sem bendir til þess að þau séu að jafnaði umsvifameiri en félög þar sem konur er í forsvari.


Álagning virðisaukaskatts á félög nam alls 13,7 mia.kr. en þar munar töluvert miklu eftir því hvort forsvarsmaður er karl eða kona. Þannig var álagning á félög þar sem karlar eru í forsvari neikvæð um 23,4 mia.kr. á meðan álagning á félög þar sem konur eru í forsvari var jákvæð um 9,7 mia.kr. Skýringin felst í því að félög þar sem karlar er í forsvari eru með mun hærri útskatt en félög þar sem konur eru í forsvari.

	Félög		Álagning		Heildarvelta	
	Fjöldi	%	mia.kr.	%	mia.kr.	%
Karlar	15.801	81%	(23,4)	---	2.473,8	91%
Konur	3.616	19%	9,7	---	232,7	9%
Alls	19.417	100%	13,7	100%	2.706,5	100%

Fjöldi félaga



Heildarvelta




Um 62% af heildarveltu félaga árið 2011 var virðisaukaskattskyld og afgangurinn eða 38% undanþegin virðisaukaskatti. Félög þar sem karlar eru í forsvari eru með 92% af allri skattskyldri veltu og 91% af allri undanþeginni veltu. Það er því sáratlítt munur á hlutdeild félaga í skattskyldri og undanþeginni veltu eftir kyni forsvarsmanna. Þessar tölur ríma vel við það hvernig heildarveltan skiptist á milli félaga eftir kyni forsvarsmanns og benda í fljótu bragði til þess að ekki sé marktækur á munur á skattskyldri og undanþeginni veltu eftir kyni forsvarsmanns. Ólíkt þeirri niðurstöðu sem fékkst þegar skoðuð var álagning einstaklinga virðast félög þar sem karlar eru í forsvari því ekki stunda undanþegna starfsemi í ríkara mæli en félög þar sem konur eru í forsvari.


³ Gögn ríkisskattstjóra. Skoðaðir voru forráðamenn hlutafélaga og einkahlutafélaga á grunnskrá virðisaukaskatts.

	Skattskyld velta		Undanþegin velta	
	mia.kr.	%	mia.kr.	%
Karlar	1.526,7	92%	947,1	91%
Konur	138,9	8%	93,8	9%
Alls	1.665,6	100%	1.040,9	100%

Undanþegin velta



Skattskyld velta




Að lokum ber að skoða hvernig velta félaga eftir kyni forsvarsmanns skiptist á milli tveggja þrepa virðisaukaskattsins en þess ber að geta að velta í lægra þrepi nemur alls um þriðjung allrar skattskyldar veltu. Sá samanburður leiðir í ljós að félög þar sem karlar eru í forsvari eru með 94% af veltu í lægra þrepinu og 91% af veltu í hærra þrepinu. Félög þar sem konur er í forsvari eru því með 6% af veltu í lægra þrepinu og 9% af veltu í hærra þrepinu.


Töluverður munur er á þessum hlutföllum og má túlka niðurstöðurnar á þá leið að félög þar sem karlar eru í forsvari stundi starfsemi sem fellur undir lægra þrepið í ríkara mæli en félög þar sem konur eru í forsvari. Þessi niðurstaða er andstæð þeirri sem fékkst þegar skoðuð var álagning einstaklinga en þar reyndust konur frekar stunda starfsemi sem fellur undir lægra þrepið en karlar. Þegar litið er bæði á álagningu einstaklinga og félaga er því afar erfitt að segja til um hvort þrepaskipting virðisaukaskattsins kemur eins við bæði kynin. Til að skoða það til hlítar þarf að kanna betur einstakar atvinnugreinar með tilliti til veltu- og kynjasamsetningar en það verður rannsakað nánar fyrir næstu áfangaskýrslu.

	25.5% þrep		7% þrep	
	mia.kr.	%	mia.kr.	%
Karlar	1.047,5	91%	480,4	94%
Konur	108,2	9%	30,7	6%
Alls	1.155,7	100%	511,1	100%

25,5 % þrep



7% þrep



Viðauki 1: Frávik frá almennu 25,5% þrepi

Yfirlit 1: Starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti:

1. Þjónusta sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra hliðstæðra stofnana, svo og lækningar, tannlækningar og önnur eiginleg heilbrigðisþjónusta.
2. Félagsleg þjónusta, svo sem rekstur leikskóla, barnaheimila, skóladagheimila og upptökuheimila og önnur hliðstæð þjónusta.
3. Rekstur skóla og menntastofnana, svo og öukennsla, flugkennsla og danskennsla.
4. Starfsemi safna, svo sem bókasafna, listasafna og náttúrugripasafna, og hliðstæð menningarstarfsemi. Aðgangseyrir að tónleikum, íslenskum kvikmyndum, listdanssýningum, leiksýningum og leikhúsum.
5. Íþróttastarfsemi, svo og leiga á aðstöðu til íþróttastarfsemi, aðgangseyrir að sundstöðum, skíðalyftum, íþróttamótum, íþróttasýningum og heilsuræktarstofum.
6. Fólksflutningar.
7. Póstþjónusta sem opinber aðili hefur einkaleyfi á.
8. Fasteignaleiga og útleiga bifreiðastæða
9. Vátryggingarstarfsemi.
10. Þjónusta banka, sparisjóða og annarra lánastofnana, svo og verðbréfamiðlun.
11. Happdrætti og getraunastarfsemi.
12. Starfsemi rithöfunda og tónskálda við samningu hugverka.
13. Þjónusta ferðaskrifstofa.
14. Útfararþjónusta og prestsþjónusta hvers konar.

Yfirlit 2: Velta sem ekki er skattskyld (0% skattur)

1. Vara sem seld er úr landi, svo og vinna og þjónusta sem veitt er erlendis.
2. Vöruflutningar milli landa og vöruflutningar innan lands þegar flutt er beint til eða frá landinu.
3. Vinna við vöru á kostnað erlends aðila þegar fyrirtækið, sem annast vinnuna, flytur vöruna út að vinnu lokinni.
4. Hönnun, skipulagning, áætlanagerð og önnur sambærileg vinna er varðar byggingar og aðrar fasteignir á erlendri grund.

5. Vistir, eldsneyti, tæki og annar búnaður sem afhentur er til nota um borð í millilandaförum, svo og sú þjónusta sem veitt er slíkum förum.
6. Sala og útleiga loftfara og skipa.
7. Skipasmíði og viðgerðar- og viðhaldsvinna við skip og loftför.
8. Samningsbundnar greiðslur úr ríkissjóði vegna mjólkurframleiðslu og sauðfjárframleiðslu.
9. Þjónusta sem veitt er erlendum fiskiskipum vegna löndunar eða sölu afla hér á landi.
10. Sala á þjónustu til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi, enda sé þjónustan nýtt að öllu leyti erlendis. Sala á þjónustu til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi kaupin gætu talist til innskatts. Eftirtalin starfsemi telst hér með:
 - a. framsal á höfundarrétti, rétti til einkaleyfis, vörumerkis og hönnunar, svo og framsal annarra sambærilegra réttinda,
 - b. auglýsingaþjónusta,
 - c. ráðgjafarþjónusta, verkfræðiþjónusta, lögfræðiþjónusta, þjónusta endurskoðenda og önnur sambærileg sérfræðiþjónusta, gagnavinnsla og upplýsingamiðlun
 - d. rafrænt afhent þjónusta; þ.m.t. sala gagnavera á hvers kyns blandaðri þjónustu til kaupenda sem búsettir eru erlendis og hafa ekki fasta starfsstöð hér á landi,
 - e. kvaðir og skyldur varðandi atvinnu- eða framleiðslustarfsemi eða hagnýtingu réttinda sem kveðið er á um í þessum tölulið,
 - f. atvinnumiðlun,
 - g. leiga lausafjármuna,
 - h. þjónusta milligöngumanna sem fram koma í nafni annars og fyrir reikning annars að því er varðar sölu eða afhendingu þjónustu sem um ræðir í þessum tölulið,
 - i. fjarskiptaþjónusta.
11. Þjónusta sem felst í endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis.

Yfirlit 3: Starfsemi í lægra þrepi virðisaukaskatts

1. Útleiga hótél- og gistiherbergja.
2. Afnotagjöld útvarpsstöðva.
3. Sala tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða.
4. Sala bóka og hljóðupptökur af lestri slíkra bóka.
5. Sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.
6. Sala á matvörum og öðrum vörum til mannelis en ekki sala á áfengi.
7. Aðgangur að vegamannvirkjum.
8. Geisladiskar, hljómplötur, segulbönd og aðrir sambærilegir miðlar með tónlist en ekki með mynd.

Viðauki 2: Kynjahlutföll atvinnugreina

Atvinnugrein	Karlar %	Konur %
Landbúnaður	85%	15%
Skógrækt	77%	23%
Fiskveiðar	98%	2%
Námavinnsla	89%	11%
Matvælaframleiðsla	84%	16%
Framleiðsla á textílvörum	27%	73%
Fatagerð	11%	89%

Atvinnugrein	Karlar %	Konur %
Framleiðsla á leðri og leðurvörum	25%	75%
Framleiðsla á viði og viðarvörum	92%	8%
Framleiðsla á pappír og pappírsvörum	100%	0%
Prentun og fjölföldun upptekins efnis	85%	15%
Framleiðsla á efnum og efnavörum	100%	0%
Framleiðsla á lyfjum og efnum til lyfjagerðar	100%	0%
Framleiðsla á gúmmí- og plastvörum	100%	0%
Framleiðsla á vörum úr málmlausum steinefnum	44%	56%
Framleiðsla málma	100%	0%
Framleiðsla á málmvörum	98%	2%
Framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum	100%	0%
Framleiðsla á rafbúnaði og heimilistækjum	100%	0%
Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum	100%	0%
Framleiðsla á vélknúnum ökutækjum og tengivögnum	100%	0%
Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum	95%	5%
Framleiðsla, ót.a.s. (t.d. skartgripagerð)	58%	42%
Viðgerðir og uppsetning vélbúnaðar og tækja	96%	4%
Rafmagns og hitaveitur	100%	0%
Sorphirða, meðhöndlun og förgun sorps.	100%	0%
Bygging húsnæðis, þróun byggingarverkefna	99%	1%
Mannvirkjagerð	100%	0%
Sérhæfð byggingarstarfsemi (iðnaðarmenn)	99%	1%
Sala, viðgerðir og viðhald á vélknúnum ökutækjum	98%	2%
Heildverslun	69%	31%
Smásöluverslun	41%	59%
Flutningar á landi	98%	2%
Flutningar á sjó	0%	100%
Vörugymsla	91%	9%
Póst- og boðberaþjónusta	48%	52%
Hótel og gistiheimili	48%	52%
Veitingasala og -þjónusta	55%	45%
Útgáfustarfsemi	65%	35%
Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni	78%	22%
Dagskrárgerð	73%	27%
Fjarskipti	100%	0%
Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni	95%	5%
Starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu	76%	24%
Starfsemi tengd fjármálaþjónustu	89%	11%
Fasteignaviðskipti	79%	21%
Lögfræðiþjónusta	66%	34%
Ráðgjöf	78%	22%
Arkitektar og verkfræðingar	87%	13%
Vísindarannsóknir og þróunarstarf	88%	13%
Auglýsingastarfsemi	71%	29%
Sérhæfð hönnun	58%	42%

Atvinnugrein	Karlar %	Konur %
Dýralækningar	47%	53%
Leigustarfsemi	95%	5%
Ferðaskrifstofur	76%	24%
Öryggis- og rannsóknarstarfsemi	100%	0%
Fasteignaumsýsla	77%	23%
Skrifstofuþjónusta	57%	43%
Opinber stjórnslá	100%	0%
Fræðslustarfsemi	65%	35%
Heilbrigðisþjónusta	11%	89%
Skapandi listir og afþreying	76%	24%
Starfsemi safna og önnur menningarstarfsemi	0%	100%
Íþróttá- og tómstundastarfsemi	68%	32%
Starfsemi félagasamtaka	75%	25%
Viðgerðir á tölvum og hlutum til einkanota	86%	14%
Önnur þjónustustarfsemi /(hágr. snyrting)	14%	86%
Óþekkt starfsemi	83%	17%